

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Athugasemd vegna tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028

Sú tillaga að aðalskipulagi sem fyrir liggur og varðar nýja legu þjóðveggar 1 ásamt umhverfisskýrslu þar um voru unnin án nokkurs samráðs við okkur undirrituð. Aldrei á öllu því ferli sem að baki er við mótun tillögunnar voru undirrituð kölluð til samráðs og eru það forkastanleg vinnubrögð að okkar mati.

Ljóst er að við getum ekki samþykkt tillögu þá sem fyrir liggur af eftirfarandi ástæðum:

1. Aðrir kostir varðandi vegbætur hafa ekki verið kannaðir, t.d. hvað unnt er að gera við núverandi þjóðleið þannig að hún uppfylli tilskilda öryggisstaðla.
2. Mýrdalur er mjög landþröng sveit og býður ekki upp á tvöfalt vegakerfi sem verða mun ef nýr kafli þjóðveggar 1 verður lagður samkvæmt fram kominni tillögu.
3. Núverandi veglína þjónar í senn vel sem þjóðvegur og sem tenging við byggðina í Mið-Mýrdal.
4. Vegagerðin hefur margsinnis lýst því yfir að hún sé reiðubúin að lagfæra núverandi þjóðveg þannig að öllum öryggiskröfum sé mætt.
5. Lagfæring á núverandi þjóðvegi mundi einvörðungu kosta lítið brot af því sem nýr þjóðvegur skv. aðalskipulagstillögunni mundi kosta.
6. Með lagfæringu á núverandi þjóðvegi væri einungis lítils háttar landrými fórnað meðan nýr þjóðvegur samkvæmt aðalskipulagstillögunni mun krefjast gríðarlegra landfórna á verðmætum landbúnaðar, útivistar- og náttúruverndarsvæðum.
7. Ferðamenn sem koma niður í Dyrhólavverfi og í Dyrhólaey koma til að skoða náttúrufar og er áberandi í samtölum við þá að þeir hrífast af því umhverfi sem landslagsheildin öll er, þ.e. Dyrhólavverfi, Dyrhólaey, Dyrhólaós og hans nánasta umhverfi. Margir þeirra hafa á orði, í samhengi við deilur undanfarinna ára, að alls ekki megi raska þessu svæði meir en orðið er. Ósnortin náttúra er það sem ferðaðþjónusta nú og til framtíðar mun þurfa að byggja tekjur sínar á.
8. Ljóst má vera að umferð ökutækja um bakka Dyrhólaóss mundi óhjákvæmilega valda verulegri röskun á fuglalífi. Bent skal á að ósleirur eru dvalar- og náttstaður margra fugla, ekki síst á haustum og að vori. Farfuglar eiga þar viðdvöl svo þúsundum skiptir, en talsvert æti er í Dyrhólaós fyrir fuglinn sem kemur þar þreyttur og soltinn eftir langflug yfir hafið.
9. Svæðið vestan og sunnan gamla þorpsins í Vík verður nánast eyðilagt til útivistar og náttúruskoðunar. Svæðið hefur gífurlegt aðdráttarafl fyrir ferðafólk, enda er samspil sjávar, strandar, fuglalífs og gróðurs einstakt. Að okkar mati má ekki undir neinum kringumstæðum spilla þeim verðmætum sem í þessu svæði eru fólgin.
10. Tillaga að nýrri veglínu þjóðveggar 1 virðist gera ráð fyrir að þjóðvegurinn fari yfir ræktuð tún og beitolönd á þinglýstu eignarlandi okkar. Nú þegar við þurfum á öllu okkar nytjalandi að halda til eflingar landbúnaði á jörðinni eru slíkar fórnir óásættanlegar.

11. Verði umrædd tillaga að veglínu Þjóðveggar 1 sett inn á aðalskipulag mun verðmæti land- og fasteigna okkar hér í Dyrhólahverfi þegar í stað rýrna stórlega. Þá er ljóst að breytt veglína mun hafa gífurlega neikvæð áhrif á öll almenn lífsgæði okkar, m.a. vegna mengunar af völdum útblásturs ökutækja og hljóðmengunar. Ásýnd landslags og umhverfis mun gjörbreytast til hins verra.
12. Við og okkar fólk höfum lífsviðurværi af landbúnaði og ferðaþjónustu. Hvoru tveggja er ógnað með fyrirliggjandi aðalskipulagstillögu, og stangast það á við ýmis þau fögru fyrirheit sem fram koma í markmiðum skipulagsgerðarinnar (leiðarljósum svonefndum).

Þess er krafist að tillaga um breytta veglínu Þjóðveggar 1 um Mýrdalinn verði dregin til baka. Hér eftir verði fullt samráð haft við okkur og aðra landeigendur og íbúa um breytingar á aðalskipulagi sem kunna að snerta okkar eignir, lífsafkomu og nánasta umhverfi.

Lögð verði áhersla á að gera þær breytingar og lagfæringar á núverandi Þjóðleið sem Vegagerðin telur nauðsynlegar til þess að opinberum kröfum um öryggi vegfarenda verði fullnægt.

Vatnsskarðshólum í Mýrdal
20. nóvember 2011

Margrét S. Guðmundsdóttir
kt. 180848-4289

Þorsteinn Gunnarsson
kt. 110546-3949